

# D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands eystra föstudaginn 13. október 2017 í máli

nr. S-51/2017:

Ákærvaldið

(*Eyþór Þorbergsson fulltrúi*)

gegn

Árna Valgarð Stefánssyni

(*Ingólfur Kristinn Magnússon hdl.*)

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra höfðaði þetta mál 13. febrúar 2017 á hendur Árna Valgarð Stefánssyni, kt. 200665-5549, Túngötu 18, Siglufirði. Málið var dómtekið 15. september sl. Ákærða er gefin að sök „... líkamsárás, með því að hafa sunnudaginn 29. maí 2016, í svokallaðri „stakkageymslu“ um borð í togaranum [...], slegið [A], hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum að hann mölbrotnaði framan til, utanvert og aftanvert í hægri kinnskúta (kinnholu) og s.k. „blow-out“ brot í hægri augntóft, með verulegri tilfærslu, en gera þurfti aðgerð á brotaþola til að laga brotin.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakar kostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Í málinu gerir [A], bótakröfu á hendur ákærða að fjárhæð kr. 1.000.000-, með vöxtum skv. 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38, 2001, um vexti og verðtryggingu frá 29. maí 2016 til 6. janúar 2017, en síðan dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Auk þess er krafist málskostnaðar úr hendi sakbornings, brotaþola að skaðlausu samkvæmt mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti.“

Ákærði krefst þess að verða sýknaður af kröfum ákærvalds og að bótakröfu verði vísað frá dómi en til vara krefst hann þess að sér verði dæmd vægasta refsing sem lög heimili og að bótakrafa verði lækkuð verulega. Verjandi hans krefst hæfilegra málsvarnarlauna sem greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði var þegar atvikið gerðist háseti á ... og brotaþoli matsveinn. Þeim lenti saman í rifrildi í setustofu skipsins. Ákærði yfirgaf setustofuna. Skömmu síðar hittust þeir í stakkageymslunni, þar sem báðir voru þeirra erinda að reykja tóbak. Þar munu þeir hafa rifist enn frekar. Fór svo að ákærði sló brotaþola.

Fyrir liggur læknisvottorð dagsett 10. júní 2016, ritað af B forstöðulækni. Tekur hann fram að hann hafi ekki komið að greiningu eða meðferð brotaþola og sé

vottorðið gert eftir skýrslum bráðamóttöku Sjúkrahússins á Akureyri. Þangað hafi brotþoli leitað 31. maí 2016 og greint frá líkamsárás sem hann hafi orðið fyrir 29. maí 2016 um klukkan 19:00. Síðan er lýst skoðun og rannsókn og því að C hálsnef- og eyrnalæknir hafi gert aðgerð á brotþola, lyft undir kinnboga, spengt og sett plötu í augntóftargólf og lokað því. Álit B er að sextugur bryti hafi fengið vænt hnefahögg á andlitið við vinnu sína til sjós, hann hafi greinst brotinn á kinnboga svo og augntóftargólfi og hafi þurft að laga brotin með aðgerð. Þetta sé umtalsverður áverki þótt hann valdi ekki lífsháska og grói venjulega vel eftir aðgerð. Áætluð óvinnufærni sé þrjú mánuðir.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslur ákærði, brotþolinn A og önnur vitni, þeir D, E, F, B og G.

Ákærði lýsir því að rifrildi þeirra brotþola hafi stigmagnast í stakkageymslunni uns brotþoli hafi slegið ákærða í andlit og hafi þá ákærði slegið á móti. Brotþoli kveðst í mesta lagi hafa ýtt á öxl ákærða sem hafi þá slegið hann. Ákærði og brotþoli eru einir til frásagnar um það sem þeim fór á milli í stakkageymslunni og verður ekki ráðið neitt sérstakt af framburði vitna um það hvort brotþoli hafi með einhverjum hætti átt upptökin að átökunum.

Fyrir liggur að ákærði leitaði á heilsugæslustöð 10. júní 2016 og lýsti því að hann hefði lent í útistöðum við annan mann og fengið högg á hægri kjálka. Segir í vottorði G læknis að hann hafi sagst hafa verið aumur í kjálkanum hægra megin síðan þá. Hann hafi ekki sagt vera vont að bíta saman og ekki hafi verið breyting á biti þó hann væri með yfirbit fyrir. Aðal kvörtunin hafi verið um að það smylli í kjálkanum og sérstaklega þegar hann opnaði munninn mikið. Við skoðun hafi ekki verið að sjá bólgu, mar eða aflaganir á andlitinu, hann hafi verið aðeins þreifiaumur yfir „angulus mandebula“ og þegar hann hafi opnað munninn upp á gátt líkt og hann væri að geispa hafi mátt heyra augljósan smell. Segir síðan í samskiptaseðli læknisins að honum finnist það í raun ólíklegt að um kjálkabrot sé að ræða þó það sé óljóst vegna þess að hann geti bitið saman án vandkvæða. Það útiloki þó ekki brot, hann gæti verið með tognun eða áreynslu á kjálkalið sem gæti skýrt þessi einkenni og í ljósi þess að hann óski eftir áverkavottorði um hvernig áverkinn sé til kominn vilji læknirinn útiloka brot með tölvusneiðmynd á andlitsbeinum.

Dómurinn metur sönnunargildi þessa vottorðs takmarkað um það að ákærði hafi fengið hnefahögg í andlit í stakkageymslunni, bæði vegna þess að liðnir voru tólf dagar frá atvikum er ákærði leitaði til læknis og eins þess að ekki verður útilokað að óþægindi ákærða í kjálkanum hafi stafað af því að þeir brotþolinn hnoðuðust eitthvað eftir að höggið hafði verið greitt.

Að þessu gættu þykir ekki sýnt að brotþoli hafi átt upptök að árásinni með beinni líkamsárás. Að hinu verður gætt að ákærði greiddi höggið eftir að þeir brotþoli höfðu rifist og brotþoli ýtt á öxl ákærða, sbr. lokamálslið 3. mgr. 218. gr. c almennra hegningarlaga. Enginn skynsamlegur vafi leikur á því að ákærði hafi greitt brotþola hnefahögg í andlitið og veitt honum með því áverka sem lýst er í ákæru. Varðar það við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Sakaferill ákærða hefur ekki áhrif á ákvörðun refsingar hans. Þykir hún með tilliti til allra atvika hæfilega ákveðin fangelsi í fjóra mánuði, skilorðsbundið eins og í dómsorði greinir. Ákærði hefur bakað sér skyldu til greiðslu miskabóta samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga, sem þykja hæfilega ákveðnar 400.000 krónur með vöxtum eins og krafist er og nánar greinir í dómsorði. Málskostnaður ákveðst 186.000 krónur.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þ.m.t. útlagðan sakarkostnað á rannsóknarstigi, 33.600 krónur og málsvarnarlaun og ferðakostnað skipaðs verjanda síns sem ákveðast eins og greinir í dómsorði, hvort tveggja að virðisaukaskatti meðtöldum.

Dóminn kveður upp Erlingur Sigtryggsson héraðsdómari.

### **D Ó M S O R Ð :**

Ákærði, Árni Valgarð Stefánsson, sæti fangelsi í fjóra mánuði en fresta ber fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu þessa dóms að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði A 400.000 krónur, með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. laga nr. 38, 2001 frá 29. maí 2016 til 6. janúar 2017, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og 186.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði 378.320 krónur í sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ingólfs Kristins Magnússonar héraðsdómsslögmans, 295.120 krónur og ferðakostnað hans, 49.600 krónur.